



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

| | |
|----------------------------|--|
| Málshæiti og nr. | Frumvarp til breytinga á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 86/2011, og áfengislögum, nr. 75/1998 (DMR100119) |
| Ráðuneyti /verkefnisstjóri | Dómsmálaráðuneyti |
| Innleiðing EES-gerðar? | <input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei |
| Dags. | 12. nóvember 2019 |

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Á grundvelli áfengislaga nr. 75/1998 og laga nr. 86/2011 um verslun með áfengi og tóbak hefur Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins einokun á smásölu áfengis til neytenda. Árið 1995 var einkaréttur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins til innflutnings á áfengi afnuminn og almenningi gert kleift að flytja áfengi til landsins, þó ekki til smásölu. Í 3. gr. áfengislaga nr. 75/1998 er kveðið berum orðum á um að sérstakt leyfi þurfi fyrir áfengisinnflutning í atvinnuskyni, en ekki er kveðið á um að leyfi þurfi svo að almenningur geti flutt áfengi til landsins til einkaneyslu. Hefur þetta leitt til þess að almenningur hefur um áratugaskeið getað keypt sér áfengi í erlendum verslunum, t.d. í gegnum netið og látið senda heim að dyrum á Íslandi, að áfengis- og innflutningsgjöldum uppgerðum.

Ráðgert er að í frumvarpinu verði heimilað að starfrækja innlenda vefverslun með áfengi í smásölu til neytenda. Frumvarpinu er ætlað að mæta sívaxandi kröfum neytenda um aukið valfrelsi. Þá er nauðsynlegt að jafna stöðu innlendrar verslunar við þá erlendu, en neytendum er, eins og fyrr segir, nú þegar heimilt að flytja inn áfengi til landsins til einkanota heim að dyrum, t.d. í gegnum erlendar vefverslanir með áfengi. Með skírskotun til jafnræðis fæst ekki staðist að mismuna innlendri verslun með þessum hætti.

Einnig er í frumvarpinu gert ráð fyrir að mæta kröfum minni áfengisframleiðanda, sérstaklega á landsbyggðinni, um að heimilt verði, í tilteknum tilvikum, að selja áfengi í smásölu til neytenda. Felur það í sér að áfengisframleiðanda verði heimilt að selja á framleiðslustaðnum eigin framleiðslu í neytendaumbúðum, til neyslu annars staðar. Í nágrannalöndum Íslands tíðkast að smásala á handsverksáfengi (t.d. bjór eða víni) sé heimiluð beint frá framleiðanda til neytenda, t.d. í tengslum við ferðþjónustu.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Að leggja til breytingar á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 86/2011, og áfengislögum nr. 75/1998. Hinar fyrirhuguðu breytingar munu m.a. fela í sér tvær undanþágur á einokun Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á smásölu áfengis. Annars vegar er fyrirhugað að heimila innlenda vefverslun með áfengi til neytenda í smásölu og hins vegar að heimila framleiðendum áfengis að selja áfengi til neytenda í smásölu með ákveðnum takmörkunum,

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Gildandi lög og reglur heimila ekki innlenda vefverslun með áfengi til smásölu, sem og smásölu áfengis beint frá framleiðanda til neytenda.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki?

Að vernda viðkvæma hópa fyrir skaðlegum áhrifum áfengis og annarra vímuegja og draga úr skaða og fjölda dauðsfalla vegna eigin neyslu eða annarra á áfengi. Þá er einnig stefna hins

opinbera að styðja við öflugt og fjölbreytt atvinnulíf, sérstaklega á landsbyggðinni. Enn fremur er það stefna stjórnvöld að því að tryggja jafnræði í íslensku samfélagi og að draga úr kolefnisfótspori Íslands.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Stefnt er að tryggja jafnræði milli innlendrar og erlendrar verslunar með hinu fyrirhugaða frumvarpi. Eins og fyrr segir ríkir ójafnræði milli íslenskrar og erlendrar verslunar, enda geta neytendur keypt sér áfengi í gegnum erlendar verslanir, fyrst og fremst vefverslanir, á meðan óheimilt er að starfrækja innlenda vefverslun með áfengi sem selur beint til neytenda. Þá er stefnt að því að styrkja ferðaþjónustu og rekstur minni áfengisframleiðenda, sem á sérstaklega við á landsbyggðinni, þar sem finna má fjölda minni brugghúsa og áfengisframleiðenda, með því að gera þeim kleift að selja áfengi á framleiðslustað milliliðalaust til neytenda.

Ekki verður talið að áform þessi um lagabreytingar séu andstæð lýðheilsusjónarmiðum hins opinbera. Einungis er um að ræða að heimila rekstur innlendrar vefverslunar með áfengi í smásölu, sem nú þegar er heimiluð erlendum aðilum, sem og að heimila áfengisframleiðendum að selja milliliðalaust áfengi til neytenda með ákveðnum takmörkunum. Hið fyrrnefnda felur ekki í sér að aukið verði aðgengi að áfengi, heldur einungis að hætt verði að mismuna innlendri verslun gagnvart þeirri erlendu. Hið síðarnefnda felur í sér aukið aðgengi að áfengi, en um er að ræða verulega takmarkaða heimild sem ekki verður séð að fari gegn stefnu hins opinbera í vímuefnamálum. Að endingu eru áformin til þess fallin að draga úr kolefnislosun Íslands, m.a. þar sem áformin styðja við innlenda verslun.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Verði ekkert aðhafst mun það ástand áfram vara, að innlendri verslun verði mismunandi gagnvart þeirri erlendu hvað varðar sölu á áfengi í smásölu. Þá verður áfram óheimilt fyrir áfengisframleiðendum að selja vörur sínar í smásölu til neytenda.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið?

Nauðsynlegt er að beita lagasetningu til að ná fram markmiðum frumvarpsins.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu

Breyting á ákvæðum áfengislögum nr. 75/1998 og lögum um verslun með áfengi og tóbak nr. 86/2011.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni?

Sjá A-C liði.

2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott

Fyrirhugað er að veita þrönga undanþágu á einokun Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á smásölu áfengis og heimila sölu áfengis í innlendum vefverslunum í smásölu. Þá er fyrirhugað að leyfa sölu áfengis frá framleiðanda til neytenda í ákveðnum tilvikum. Á þessu stigi liggja ekki fyrir endanlegar tillögur að lagabreytingum, en ljóst er að breyta þarf ákveðnum ákvæðum laganna og aðlaga önnur að breyttu lagaumhverfi.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?

2. Áformin varða jafnréttis- og atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar, sbr. 65. gr. og 72. gr. laga nr. 33/144, Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

3. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?

Já.

4. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?

Nei.

F. Samráð

1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?

Samtök atvinnulífsins, Samtök verslunar og þjónustu, Félag atvinnurekenda, Samtök iðnaðarins, Samtök íslenskra handverksbrugghúsa, Neytendasamtökin, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og Embætti landlæknis.

2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?

Fjármálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið..

3. Samráð sem þegar hefur farið fram

Óformlegt samráð var haft við fjármálaráðuneytið.

4. Fyrirhugað samráð

Fyrirhugað er að hafa a.m.k. samráð við þá aðila sem tilgreindir eru í tölu 1. í þessum dálki.

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

Markmið fyrirhugaðs frumvarps eru af tvennum toga. Annars vegar að tryggja jafnræði milli innlendrar og erlendrar vefverslunar með sölu á áfengi, en neytendum er nú þegar heimilt að flytja inn áfengi til landsins til einkanota heim að dyrum í gegnum erlendar vefverslanir með áfengi. Hins vegar að styrkja ferðajónustu og rekstur handverksframleiðenda á áfengi með heimild til sölu áfengis á framleiðslustað milliliðalaust til neytenda.

Fyrirnefnda markmiðið felur ekki í sér að aukið verði aðgengi að áfengi, heldur að hætt verði að mismuna innlendri verslun gagnvart þeirri erlendu. Hið síðarnefnda felur í sér aukið aðgengi að áfengi, en um er að ræða verulega takmarkaða heimild sem m.a. er ætlað að styðja við atvinnulíf á landsbyggðinni.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má gera ráð fyrir einhverri tekjuaukningu ríkissjóðs vegna sölu handverksframleiðenda á áfengi. Þá má gera ráð fyrir að aukin innlend verslun með áfengi, í stað þeirrar erlendu, leiði til tekjuaukningar ríkissjóðs. Erfitt er að leggja áreiðanlegt mat á hver hún kann að verða þar sem á móti má áætla að dragi úr sölu sambærilegra drykkja hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og því reynslan ein sem leiða mun það í ljós.

Ekki er að sjá að frumvarpið kunni að hafa aukin útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð sem nokkru nemur, t.d. hvað varðar áhrif á Lýðheilsu þar sem um mjög óverulega aukningu er að ræða á aðgengi að áfengi. Einhver kostnaður kann að falla til vegna eftirlitsstarfsemi hins opinbera.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi fjárhagsáhrif á sveitarfélögin. Frumvarpið gerir ekki greinarmun á kynjum eða tekur kyn til skoðunar og því hvorki gert ráð fyrir að það hafi áhrif á jafnrétti né stöðu kynjanna.

H. Næstu skref, innleiðing

1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina?

Nei.

2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennings, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?

Samráð verður haft við viðeigandi opinberar stofnanir. Ekki er gert ráð fyrir að verulega langan tíma þurfi til undirbúnings eða aðlögunar.

3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?

Á ekki við.

4. Mælikvarðar á árangur og útkomu

Á ekki við.

5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?

| |
|--|
| Nei. |
| I. Annað |
| |
| J. Fylgiskjöl |
| 1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað |
| 2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum |